Umsjón: **Silja Aðalsteinsdóttir**

Hús loptandanna

Ef Hannes Lárusson væri ekki til þyrftum við að finna hann upp. Eða eitthvað sambærilegt. Því undan hans rifjum eru runnar margar sérkennilegustu uppákomur á íslenskum myndlistarvettvangi hin síðari ár. Hver man ekki eftir gamla gjörningnum hans (1983) á Kjarvalsstöðum þar sem hann stóð kviknakinn upp við trédrumb með grænan borða bundinn við typpið og hneigði sig taktfast? Eða vídeómyndinni frá 1997 þar sem sami Hannes situr kviknakinn með ljóskuhárkollu á svörtum teningi, ekur sér lítillega öðru hverju og einblínir einarðlega á áhorfandann? Þessi strípihneigð listamannsins helst í hendur við ákveðna sundurgerð; þannig kenndi Hannes heilt námskeið við listaskóla í Ósló (1993) íklæddur samfestingi úr marglitum klæðabútum, auk þess sem fregnir bárust af honum á hlaupum um Rostock-borg í Þýskalandi (1996) í misjafnlega lituðum samfestingum.

Myndlist

Það kæmi mér heldur ekki á óvart þótt þeir minntust Hannesar með þakklæti krakkarnir í Bergen (1997),þar sem listamaðurinn útbýtti leikföngum, lagðist svo upp á háa slá og blakaði englavængjum sem hann hafði sett á sig.

Barnslegur hugsjónaeldur

Og nú opnar Hannes stóra sýningu á ellefu húsum að Kjarvalsstöðum og mætir þar í sérsniðinni múnderingu og með sérkennilega derhúfu; minnir í senn á fanga og trúð. Blöðin voru að sjálfsögðu á staðnum til að dókumentera atburðinn. Einhverjir mundu sjálfsagt vera eilítið kyndugir á svipinn við svipaðar aðstæður, en ekki Hannes. Á myndum er hann einarðleikinn uppmálaður og gamalkunnum, allt að því barnslegum, hugsjónaeldi stafar af augunum.

Þrátt fyrir ótvírætt skemmtanagildi ýmissa þeirra gjörninga sem Hannes hefur sviðsett lítur hann ekki á sjálfan sig sem skemmtikraft. Með einum eða öðrum hætti eiga verk hans að vera innlegg í umræðu eða tilraunir til að vekja umræðu.

Í formála vandaðrar sýningarskrár vegna Kjarvalsstaðasýningarinnar segir Eiríkur Þorlákssson eftirfarandi um listamanninn: „Hann hefur meðal annars sett fram ákveðnar skoðanir á uppbyggingu listasafna, hetjudýrkun listamanna, skipulagi listaháskóla og kynningu íslenskrar myndlistar á erlendum vettvangi."

Hér staðnæmist ég við meintar „ákveðnar skoðanir" Hannesar. Í viðræðusambandi listamanns og þess hluta almennings sem hann kýs að ávarpa þurfa báðir aðilar að vera nokkuð sammála um hvað orð, hugtök eða hlutir eiga að fyrirstilla. Þegar annar aðilinn kýs að tjá sig einungis á heimatilbúnu dulmáli, þar sem merkingar hugtaka og hluta virðast taka breytingum eftir samhengi þeirra, erum við að tala um óskiljanlegar einræður, ekki skoðanir sem hægt er að taka afstöðu til.



Hannes Lárusson: Hús.
Þrátt fyrir ótvírætt skemmtanagildi ýmissa þeirra gjörninga sem Hannes hefur sviðsett lítur hann ekki á sjálfan sig sem skemmtikraft.

Fálki með rauðan tening

Hefur nokkur komist að því hvers vegna Hannes skar úr tré myndir af fálkum (1992) og lét þá bera kúffullar skálar af kaffi? Eða hvað hann er að fara með útskornum ausum sínum og lóumyndum? Og svo vikið sé að svokallaðri menningargagnrýni hans, hver var nákvæmlega broddurinn í innsetningunni á Mokka (1994) þar sem andlitsmyndir af Beru Nordal voru þrykktar á búk Kristjáns Guðmundssonar og andlitsmynd Huldu Valtýsdóttur á búk Errós og komið fyrir á veggjum og uppblásnum blöðrum? Til frekari „skýringar" má geta þess að þar var líka að finna útskorinn fálka með rauðan tening hangandi á keðju um hálsinn, dittó lóu með svartan tening. Sjálfur lét Hannes vera að útlista þetta nánar.

Á sýningu Hannesar á Kjarvalsstöðum eru ellefu hús, öll sömu stærðar. Af hverju? Í skránni stendur að það sé vegna þess að listamaðurinn býr á Skólavörðustíg 11. Gott og vel. Húsin eru fleyglaga með múrsteinslíki öðrum megin og viðaræðum hinum megin; inni í hverju húsi er „háaloft" sem bannað er að klifra upp í. Í einu húsinu gengur upptaka þar sem Hannes þylur sundurlaus orð í síbylju. Framan á hverju húsi eru háar dyr í einum lit. Aftan á húsunum hanga ausur. Nema hvað.

Í skrá heldur þýskur listspekúlant því fram, væntanlega með blessun listamannsins, að í þessum húsum sé vísað til séríslenskrar togstreitu milli hins „þjóðlega" í líki ausunnar og „alþjóðlega" í líki „einlitahefðar" þeirra Malevich & Co. Ef um er að ræða einhverja togstreitu á íslenskum myndlistarvettvangi er hún milli miðjumoðs og metnaðar, ekki þjóðlegra og alþjóðlegra gilda. Hér, eins og svo oft áður, eru meint umfjöllunarefni Hannesar eins og loptandar, verða að engu um leið og maður ber sig eftir þeim.

Aðalsteinn Ingólfsson

Sýningin Hús í hús stendur til 1. apríl. Kjarvalsstaðir eru opnir alla daga kl. 10–17 en til kl. 19 á miðv.

Tónlist

Hljóðritun og útgáfa

– nýr heimilisiðnaður

Í dag getur næstum því hver einasta tölva í hvaða íbúð sem er verið hljóðver og hvaða tónlistarmaður sem er getur í reynd verið sjálfstæður útgefandi með sitt eigið merki. Þar af leiðandi er oft á tíðum erfitt að fylgjast með þróun djasstónlistarinnar sem er æ meira hljóðrituð undir merkjum einstaklinga. Þetta verður, því miður, til þess að þessi merki drukkna í markaðsflóði stærri útgáfufyrirtækjanna. Á sama hátt eru mörg stærri fyrirtækin rekin með bullandi tapi þar sem „neðanjarðar-útgáfurnar" taka til sín sífellt stærri sneiðar af markaðinum.

Hér á eftir kemur upptalning á athyglisverðum (skemmtilegum) diskum, sem voru eftirsóttir í djassbúðum erlendis á síðastliðnu ári. Það vekur sérstaka eftirtekt að fæstir þeirra eru gefnir út undir merkjum stærri og þekktari útgáfufyrirtækja.

David Soldier og Richard Lair: THAI ELEPHANT ORCHESTRA (Mulatta)

Þetta er einhver merkilegasta og skemmtilegasta upptaka sem gefin var út á síðastliðnu ári. Mulatta-útgáfan er tilkomin vegna tilrauna tveggja tónlistarmanna, Ameríkana og Taílendings, með tónlistarhæfileika fíla! Þeir söfnuðu saman nokkrum tónelskum fílum og kenndu þeim að nota risa-hljómborð, sílafón, trommur, munnhörpur og fleiri hljóðfæri. Einleikari hópsins er Luuk Kob, taílenskur fíll sem fengið hefur orð fyrir að vera „Buddy Rich fílatrommara"!

Moacir Santos: OURO NEGRO (MPB/Universal Brazil).

Santos, reyndur djassleikari og tenóristi, sem gerði nokkrar plötur fyrir Blue Note á áttunda áratugnum, gerir hér ótrúlega hluti með eigin tónlist, eigin útsetningar, eigin hljómsveit og sennilega eigin hljóðritanir. Hvað um það. Hér fær hann tækifæri til að endurgera „bestu" lögin sín ásamt vinum og vandamönnum.

Gigi: GIGI (Palm Pictures)
Eþíópíska söngkonan Ejigayehu Shibabaw, sem ber listakonunafnið Gigi, blandar hér saman djassi, fönki, eþíópísku poppi og hrynjandi sem kemur til með að vera mikil ógnun við veldi ónefndra söngkvenna frá Grænhöfðaeyjum og öðrum eyjum „þarna niður frá"! Ef þú færð tækifæri til að hlusta á Gigi, láttu það þá ekki fram hjá þér fara.

Etta Jones: SINGS LADY DAY (Highnote).

Etta Jones er enginn nýgræðingur í faginu. Hún var frábær söngkona, taldist með þeim bestu í Bandaríkjunum og auðvitað í öllum (djass)heiminum. Etta lést í október síðastliðnum en áður en hún lést gerði hún þessa hljóðritun (ef til vill heima í stofu hjá sér) í minningu uppáhaldssöngkonu sinnar, Billy Holiday.

Ef ykkur, ágætu djassarar, tekst að hafa uppi á þessum hljóðritunum er ekki nokkur vafi á því að þið komið til með að skemmta ykkur vel með þessa diska á fóninum.

Ólafur Stephensen

... mannsgaman

Haldist í hendur

Það var einu sinni að ég hélt um hendur gamals manns. Þær voru breiðar og hrjúfar og slitnar. Samt stafaði af þeim hlýja mikil og værð. Eins og þegar maður heldur um eitthvað sem máli skiptir. Hann var á níræðisaldri, kunnur listmálari sem hafði elst í einsemd sinni í afskaplega stórri íbúð vestur í bæ. Furðulega hærður með silfraða lokka sína í allar áttir og einkum upp til lofts. Andlitið að sjá sem dýpt tímans.

Og orðinn blindur.

Ég horfði í augu hans sem voru afmáð og hugsaði sem svo hvernig það væri fyrir litglaðan listamann að hafa misst smám saman sjónina, missa þennan neista sem kveikir hverja mynd af annarri.

„Þú ert að horfa í augu mín," spurði hann hægum rómi.

Mér varð bilt við þessi orð og fannst furðulegt að blindur maðurinn væri að segja mér af minni sýn. Hann sagði að sér fyndist sem allir væru að horfa í augu sín. Jafnan þegar einhver heimsækti sig væri talað inn um augu sín, hann fyndi það, merkti það, skynjaði.

Hann sagði að mikilvægt væri að þeir sem töluðu við sig héldu í hendur sínar. Þá fyndi hann meira fyrir nærveru þess sem kæmi. Hann fyndi sláttinn, hlýjuna, meininguna. Og engum væri meint af snertingunni. Ekki aldeilis.

Við gengum um húsið hans og enn hélt ég um höndina hrjúfu. Og leiddi hann á milli verkanna sem héngu uppi um allt húsið. Jafnt árabátur á bláum fleti sem afstrekktir teningar á lofti.

Svo settumst við og fengum okkur kaffi og molasykur með annarri hendinni.

Með hinni héldumst við enn.

-SER



Ég sé ljósið

Í kvöld kl. 20.30 verður sænsku skáldkonunnar Astrid Lindgren minnst í Listaklúbbi Leikhúskjallarans. Þegar hún lést 28. janúar sl., 94 ára að aldri, var hún ótvírætt ástsælasti barnabókahöfundur heims.

Dagskráin verður fjölbreytt, þýðendur lesa stutta úrvalskafla úr verkum Lindgren, flutt verða atriði og söngvar úr leikritum hennar og fjallað um höfundinn. Þeir sem fram koma hafa allir með einhverjum hætti fært Íslendingum verk skáldkonunnar gegnum tíðina, meðal þeirra eru Atli Rafn Sigurðarson, Árni Tryggvason, Ásdís Skúladóttir, Bessi Bjarnason, Heimir Pálsson, Sigrún Árnadóttir, Sigrún Edda Björnsdóttir, Vilborg Dagbjartsdóttir og Þorleifur Hauksson.

Að skrifa fyrir leikhús



Leikskáld, leikstjórar og leikarar kenna á lifandi námskeiði um leikritun sem hefst hjá Endurmenntun Háskóla Íslands annað kvöld. Það er haldið í samstarfi við Þjóðleikhúsið og ætlað öllum sem hafa áhuga á því að skrifa fyrir leikhús. Aðalkennari er Karl Ágúst Úlfsson leikari og með honum kenna Stefán Baldursson þjóðleikhússtjóri, Melkorka Tekla Ólafsdóttir leiklistarráðunautur, Þórhallur Sigurðsson leikstjóri og Hlín Agnarsdóttir, leikskáld og leikstjóri. Upplýsingar á vefsíðunni **http://www.endurmenntun.is** og í síma 525-4444.

Óþjóð á enda heims

Á morgun kl. 12.05 heldur Sumarliði R. Ísleifsson sagnfræðingur opinn fyrirlestur í hádegisfundaröð Sagnfræðingafélags Íslands í Norræna húsinu sem hann nefnir „Óþjóð á enda heims. Ísland sem and-útópía á liðnum öldum".

Í fyrirlestrinum verður fjallað um hvernig viðhorf til Íslands og Íslendinga hafa þróast á liðnum öldum og á hvern hátt útópískar og dystópískar hugmyndir hafa haft áhrif á lýsingar á landi og þjóð. Loks verður fjallað stuttlega um hvernig viðhorf annarra hafa haft áhrif á sjálfsmynd okkar eins og hún hefur birst í opinberri kynningu á landi og þjóð, ekki síst í tengslum við ferðamannaiðnaðinn.

Fyrirlestrar og námskeið

Í dag kl. 12.30 flytur Anna Hallin, myndlistarmaður frá Svíþjóð, fyrirlestur í LHÍ, Laugarnesi, stofu 024. Þar fjallar hún um eigin verk og hugmyndir að baki þeim. Anna vinnur með marga miðla og sækir hugmyndir sínar oftast í heim örvera, vísindaskáldskapar, pípulagna og annarra tengsla.

Malin Zimm, arkitekt og kennari við Arkitektaskólann í Stokkhólmi, flytur fyrirlestur í LHÍ, Skipholti 1, stofu 113, á miðvikudaginn kl. 12.30. Fyrirlesturinn nefnir hún „Fagurfræðilegi sáttasemjarinn. Kynning á arkitektúr fyrir hin óhömdu skilningarvit".

Annað kvöld hefst námskeið í raddbeitingu við Opna listaháskólann sem hentar vel þeim sem atvinnu sinnar vegna þurfa mikið að beita röddinni. Kennari er Þórey Sigþórsdóttir leikkona.

11. febrúar hefjast tvö námskeið, annað í módelteikningu I sem hentar bæði fyrir byrjendur og lengra komna. Kennari er Hafdís Ólafsdóttir myndlistarmaður. Hitt er í myndvinnslu II, photoshop, grunnþekking á photoshop nauðsynleg. Kennari er Höskuldur Harri Gylfason, myndlistarmaður og grafískur hönnuður.